

## LÖG

### um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. samning milli Evrópusambandsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

1. gr. samningsins, sem vísað er til í 9. tölul. 1. gr., skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 9. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VIII með lögum þessum.

3. gr.

1. gr. samningsins um EES-fjármagnskerfið 2009–2014, sem vísað er til í 2. gr. laga þessara, er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 2010.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Össur Skarphéðinsson.*

**Fylgiskjal.**

**Fylgiskjal VIII með lögum um Evrópska efnahagssvæðið,  
nr. 2/1993, með síðari breytingum.  
1. gr. samnings um EES-fjármagnskerfið 2009–2014.**

1. gr.

Í stað 117. gr. EES-samningsins komi eftirfarandi:

Í bókun 38, bókun 38a, og viðauka við hana, og í bókun 38b er að finna ákvæði um fjármagnskerfið.

---

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2010